

Nd.

394. Tillaga

til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að verja allt að 40000 kr. á ári af tekjum landssímans til bráðabirgðalaunaviðbótar handa starfsmönnum landssímans.

Úthlutun þessarar launaviðbótar fer fram eftir tillögum landssímastjóra. Af launaviðbót þessari greiðist engin dýrtiðaruppbót.

Greinargerð.

Landssímastjóri gerði með bræfi til stjórnarráðs Íslands, dags. 18. apríl þ. á., tillögu um, að símskeytagjöld og talsímagjöld yrðu hækkuð að miklum mun. Gerir landssímastjóri nákvæma áætlun um tekjuauka af þeirri hækkun og kemst að þeirri niðurstöðu, að hann muni nema um 100000 kr. Af þessum tekjuauka leggur hann svo til, að varið sje allt að 40000 kr. til launahækkunar handa starfsmönnum símans, bæði hjer í Reykjavík og víðs vegar úti um land. Hefir hann lagt fram ákveðnar tillögur um laun hvers einstaks flokks starfsmanna.

Fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd hafa hvor í sínu lagi fallist á þessar tillögur landssímastjóra í öllum aðalatriðum, og þar sem það mun nú þegar ákveðið að hækka ritsíma- og talsímagjöldin, hefir fjárveitinganefnd leyft sjer að koma fram með þessa þingsályktunartillögu.